



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2015-U004**

Dagsetning: **6. apríl 2015**

Staðsetning: **Grund í Meðallandi**

Atvik: **Drengur féll úr ökutæki á ferð**

Látinn: **Tveggja ára drengur**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Staðsetning



Aðstæður

Veður og birta:

Dagsbirta og 3-5 m/sek vindur. Hiti 6°C

Vegur:

Grófur malarvegur, þurrt yfirborð, 80 km/klst. hámarkshraði

Tími sólarhrings:

13:25

Ökutæki:

New Holland TM 150 dráttarvél, árgerð 2002, og TIM sturtuvagn

Samantekt

Slysið varð á malarvegi sem liggur í vesturátt frá Meðallandsvegi við bæinn Grund. Ökumaður New Holland dráttarvélar með TIM sturtuvagn ok veginn áleiðis að malarnámu. Í dráttarvélinni voru tveir ungir drengir auk ökumanns. Þegar ökumaður ok út úr vinstri beygju sem þarna er jók hann aðeins við hraðann. Á sama tíma tók annar drengurinn í hliðarslá og hurðaropnun sem er á henni og við það opnaðist hurðin. Drengurinn féll út úr dráttarvélinni, varð undir sturtuvagni sem dráttarvélín dró, og lést samstundis.

Lýsing á slysi

Slysið varð á malarvegi sem liggur í vesturátt frá Meðallandsvegi við bæinn Grund. Ökumaður dráttarvélar með tóman sturtuvagn ók veginn áleiðis að malarnámu. Í dráttarvélinni voru tveir ungir drengir auk ökumanns. Sat annar þeirra á lítilli farþegasetu vinstra megin við ökumannshurð en hinn stóð fyrir framan hann. Í framburðarskýrslu greindi ökumaður frá því að vegurinn hafi verið holóttur og því hafi hann ekki ekið hratt, á að giska 25 km/klst hraða. Þegar hann ók út úr vinstri beygju sem þarna er jók hann aðeins við hraðann. Þá hafi drengurinn sem sat á farþegasetunni tekið í hurðaropnunina og hurðin rokið upp. Drengurinn féll út um hurðargáttina og varð undir sturtuvagni sem dráttarvélin dró. Hann var tveggja ára gamall og lést samstundis. Ekki er bílbelti við setuna þar sem hann sat né annar verndarbúnaður fyrir börn.



Mynd 1. Horft eftir akstursleið dráttarvélarinnar. Slysið varð í vinstri beygju sem sést á myndinni. Vegurinn var þurr en eftir slysið fór að rigna.

Í framburði ökumanns í lögregluskýrslu kom fram að hann taldi að hurð dráttarvélarinnar hafi ekki verið kviklæst. Hann kvaðst myndu hafa tekið eftir því vegna vindgnauds og skrölts.

Ökutækið og búnaður þess

Ökutækið er New Holland TM 150 dráttarvél, árgerð 2002, sem dró TIM sturtuvagn. New Holland dráttarvélin var tekin til rannsóknar af bíltæknisérfræðingi. Vélin vegur 6,8 tonn en TIM sturtuvagninn vegur rúm 5 tonn ólestaður. Við skoðun var lögð áhersla á hurð dráttarvélarinnar og hurðarhún. Í skýrslunni kemur fram að hurðarhúnninn er staðsettur aftan við miðja þverslá á innanverðri hurðinni. Hurðin opnast fremst og fellur aftur með

stýrishúsinu við opnun. Við rannsókn kom fram að átakið sem þurfti til að opna vinstri hurðina var mjög lítið samanborið við hurð á annarri dráttarvél af algengri tegund. Opnunarátak var mælt með bandi sem fest var í vog. Í ljós kom að þyngdin sem þurfti til að opna hurð New Holland vélarinnar var 620 grömm. Við rannsókn RNSA á nýrri New Holland (módel T-5 árg. 2016) dráttarvél kom fram að meira átak þurfti til að opna hurðina eða 2.600 grömm. Samanburður var einnig gerður við dráttarvél af gerðinni Massey Fergusson. Þyngdin sem þurfti til að opna hurð þeirrar vélar var umtalsvert meira eða 7.300 grömm.

Engin öryggisbúnaður er fyrir farþega í dráttarvélinni.



Mynd 2. Hurð New Holland vélarinnar og hurðarlæsing.



Mynd 3. Farþegaseta. Engin öryggisbúnaður er fyrir farþega í vélinni.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Áfengis- og lyfjaprófun ökumanns var neikvæð.

Orsakagreining

- Barnið var farþegi í dráttarvél sem ekki var búin öryggisbúnaði fyrir börn.
- Barnið greip í auðopnanlegt handfang hurðarinnar og féll út þegar hún opnaðist.

Ábendingar

Notkun öryggisbúnaðar barna í ökutækjum

Í reglugerð nr. 348/2007 um notkun öryggis og verndarbúnaðar segir að ökumaður skuli sjá til þess að barn yngra en þriggja ára sem ferðast í ökutæki noti viðurkenndan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum í samræmi við þyngd þess. Á sama hátt skal ökumaður sjá um að í stað öryggisbeltis eða ásamt öryggisbelti noti barn þriggja ára eða eldra, en lægra en 135 sm að hæð viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- eða verndarbúnað ætlaðan börnum. Ef þessi öryggisbúnaður er ekki í ökutæki, ætti ekki að ferðast með barn í ökutækinu. Það má ekki ætla ungu barni, sem nær ekki fótum niður að gólfi né góðri festu með höndum, að halda sér í á ferð.

Við rannsókn RNSA á nýrri dráttarvél (árg. 2016) af gerðinni New Holland T-5 kom fram að límmiði er við farþegasetu þar sem varað er við að börn séu farþegar í dráttarvélum og að börn eigi ekki að nota setuna. Jafnframt er öryggisbelti við setuna fyrir farþega í þessari nýju vél.



Mynd 4. Farþegaseta með bílbelti og varúðarmerking í New Holland T-5 vél (árg. 2016).

Hurðaropnum New Holland T-5 (árg. 2016) dráttarvélarinnar

Við ökutækjarannsókn kom í ljós að lítið átak þurfti til þess að opna hurð dráttarvélarinnar. Við rannsókn RNSA á *nýrri* New Holland T-5 (árg. 2016) vél kom fram að meira átak þurfti til að opna hurðina eða 2.600 grömm samanborið við 620 grömm sem þurfti til að opna hurð vélarinnar í slysinu (árg. 2002). Bendir það til þess að við notkun geti slaknað á hurðabúnaðinum og því mikilvægt að koma í veg fyrir það með reglulegu viðhaldi. Ef lítið átak þarf til að opna hurð er hætt á að það gerist fyrir mistök. Hurðarbúnaðurinn í dráttarvélinni er staðsettur á þverslá við hlið setu fyrir farþega. Líklegt er að farþegar haldi sér í slána eða grípi í hana þegar dráttarvélin er á ferð og sá möguleiki fyrir hendi að hurðin sé óvart opnuð. Í þessu samhengi er staðsetning og hönnun hurðaropunarinnar slæm að mati Rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Skýrslan var samþykkt af:

Geirprúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Ágúst Mogensen
Stjórnandi rannsókna

Reykjavík 30.5. 2017
Rannsóknarnefnd samgönguslysa